



# Félag skipstjórnarmanna

Um hverfis- og sam göngunefnd

Reykjavík 27. nóvember 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa o.fl., nr. 30/2007, með síðari breytingum, 316. mál.**

Félag skipstjórnarmanna (hér eftir skammstafað FS) tekur alfarið undir og styður eindregið þær umsagnir sem borist hafa frá SSÍ og VM. Að því sögðu skal bent á að í þessum flokki skipa eru þjónustubátar við fiskeldisstöðvar. Þeirra **farsvið og verkefni** eru af allt öðrum toga en þeirra „smákipa“ sem Landsamband smábátaeigenda fundaði um með fulltúum Samgöngu-og sveitastjórnarráðuneytisins.

FS telur að full ástæða sé til að sérstök lög verði sett um slíka þjónustubáta vegna sérstöðu þeirra. Í framhaldi af sí endurteknum undanþágu og fráviksbeiðnum frá Arnarlaxi ákvað FS að beita sér fyrir því í samvinnu Stýrimannaskólann að sett var saman námsefni þar sem lögð var megin áhersla á stöðugleika og aðra sértæka þekkingu sem að mati skólans þarf að vera til staðar við áður nefnd störf. Haldin voru tvö námskeið þar sem 25 manns með 12 m réttindi öðluðust rétt til að stjórna þjónustubátum að 15 metrum innan afmarkaðrar línu, m.ö.o. innan-fjarðar. Þetta er sértækt mál sem er með engu móti verjandi að heimfæra upp á afkastamikla línubáta sem á stundum sækja á sömu mið og stunda veiðar við hlið stærstu togara okkar, oft við mjög erfið veðurskilyrði.

F.h. Félags skipstjórnarmanna

Formaður





## Umhverfis- og samgöngunefnd

Reykjavík 25. nóvember 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa o.fl., nr. 30/2007, með síðari breytingum, 316. mál.**

VM Félag vélstjóra og málmæknimanna hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007, með síðari breytingum. Félagið gaf umsögn um málið þegar það var lagt fram í samráðsgátt og er enn þeirrar skoðunar að ekki eigi að blanda saman stjórnkerfi fiskveiða annars vegar og öryggi fiskiskipa og áhafna hins vegar.

Með frumvarpinu er verið að leggja til að slakað verði á kröfum um réttindi og mönnun á bátum, „smáskipum“, sem eru 12 metrar að 15 metrum að skráðri lengd. Jafnframt er lagt til að skilgreiningin á hugtakinu „smáskip“, sé færð úr því að vera bátar styttri en 12 metrar í að vera bátar styttri en 15 metrar að skráningarlengd. Hvatinn að þessari breytingu virðist sá að lögum um stjórn fiskveiða var breytt árið 2013 þannig að bátar undir 15 metrum að mestu lengd og undir 30 brúttótonnum geti öðlast veiðileyfi með krókaafلامarki.

Félagið bendir á að bátar 12 metrar og lengri eru öflugir bátar með öflugar vélar, allt að 750 kW og nokkuð flókinn búnað, og telur það með öllu ómögulegt að tengja kröfur um mönnun og réttindi skipverja við það hvers konar veiðileyfi bátar hafa. Reglur um mönnun skipa eiga einungis að taka mið af öryggi skips og áhafnar. Verði þetta frumvarp að lögum er verið að stiga stórt skref aftur á bak í að tryggja öryggi áhafna þessara báta. Nær verið að herða reglur ef eitthvað er. Félagið mótmælir þeim áformum um lagabreytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Félagið vill jafnframt benda á að 4. mgr. 12. greinar núgildandi laga er síður en svo til að auka öryggi skips og áhafnar, en skv. greininni er ekki skylt að hafa vélavörð á bátum styttri en 12 m að skráningarlengd ef gerður hefur verið samningur við þjónustuaðila um viðhald vélbúnaðar skipsins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessi heimild verði aukin þannig að hún gildi fyrir báta styttri en 15 m að skráningarlengd. Verði vélarbilun úti á sjó er því engin krafa um að skipverji um borð hafi kunnáttu eða getu til að gera við bilunina sé þetta ákvæði nýtt. Augljóst er að ekki verður kallað í þjónustuaðila úr landi í neyðartilvikum. Þessi regla í núgildandi lögum er því út í hött ef hugsað er um öryggi skips og áhafnar. Þessa grein laganna ætti því að afnema.

VM Félag vélstjóra og málmæknimanna leggst alfarið gegn frumvarpinu eins og fram kemur hér að framan.

f.h. VM Félag vélstjóra og málmæknimanna,

Halldór Arnar Guðmundsson,  
forstöðumaður kjara- og menntasviðs VM



## Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Bergþór Ólafsson formaður


27. nóvember 2019

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) við frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa (smáskipaviðmið og mönnunarkröfur). Þingskjal 357 - 316. mál.

LS lýsir ánægju sinni með fram komið frumvarp. Með frumvarpinu er komið til móts við óskir um samræmingu á reglum um réttindi skipverja smábátum sem misræmi varð á við breytingar á lögum um stjórn fiskveiða 116/2006 í júní 2013 þar sem stærðarmörk krókaafلامarksbáta var breytt. Í stað þess að hámarkslengd þeirra væri að 12 metrum varð heimiluð lengd að 15 metrum.

LS óskar eftir því við háttvirta nefnd að við meðferð frumvarpsins verði skoðað hvort ástæða sé til að skerpa á ákvæði b-liðar 12. greinar um að hann eigi einungis við skip sem eru 15 metrar og lengri og styttri en 24 metrar.

Virðingarfyllt

  
Þorlákur Halldórsson formaður

  
Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis  
Bt. umhverfis- og samgöngunefndar

Reykjavík, 27. nóvember 2019

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007, með síðari breytingum (316. mál, þingskjal 357, 150. löggjafarþing)**

Samtök atvinnulífsins og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa með síðari breytingum (hér eftir áhafnalög).

Samtökin taka undir þær breytingar sem lagt er upp með að gera á áhafnalögunum samkvæmt frumvarpinu.

Megin ástæða þess að þurft hefur að sækja sérstaklega um heimild til að vera án stýrimanns og/eða vélavarðar á skipum sem falla undir 12 gr. áhafnalaga nr. 30/2007 þegar útivist er skemmri en 14 klst. á hverjum sólarhring er að með því er hægt að hafa skilvirkt eftirlit. Reglurnar eru settar til að tryggja öryggi sjófarenda og jafnframt að tryggja svo sem við verður komið að vinnutímaákvæði 64. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 séu ekki brotin. Þetta á við um öll skip og báta sem falla undir áhafnalögin.

Útgerðir báta og skipa sem falla undir ákvæði 12. gr. geta sótt um fráviksheimild eftir því sem við á. Á hinn bóginn, þar sem hér er um að ræða skýrt heimildaákvæði þar sem að allir sem uppfylla sett skilyrði eiga rétt á að nýta sér, mætti einfalda ferlið með því að fela Samgöngustofu að annast verkið í stað Mönnunarnefndar. Samtökin óska því eftir að gerðar verði frekari breytingar þess efnis að b-liður 1. mgr. 12. gr. og 3. tölul. 3. mgr. sömu greinar verði breytt með það fyrir augum að skip undir 24 metrum þurfi ekki sérstaka heimild mönnunarnefndar, en þess í stað Samgöngustofu, til að vera án stýrimanns eða vélavarðar ef útivera þess fer ekki fram úr 14 klst.

Hvað þjónustubáta sjókvíaeldis varðar má benda á að starfsemi og farsvið slíkra báta er um margt eðlisólíkt í samanburði við fiskibáta og stóran hluta tímans eru slíkir bátar bundnir við kvíar eða pramma við hefðbundin rútínustörf. Daglegur útivistartíma er sömuleiðis vel innan við 14 klukkustundir hverju sinni. Því er mikilvægt að áform um breytingar sem hér eru til umsagnar nái til þjónustubáta sjókvíaeldis.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Guðmundur H. Guðmundsson*

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

*Jón Þr. Svendsen*



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Reykjavík 22. nóvember 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa o.fl., nr. 30/2007, með síðari breytingum, 316. mál.**

Sjómannasamband Íslands hefið fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007, með síðari breytingum. Sambandið gaf umsögn um málið þegar það var lagt fram í samráðsgátt stjórnvalda á sínum tíma og er enn þeirrar skoðunar að ekki eigi að blanda saman stjórnkerfi fiskveiða annars vegar og öryggi fiskiskipa og áhafna hins vegar.

Með frumvarpinu er verið að leggja til að slakað verði á kröfum um réttindi og mönnun á bátum, „smáskipum“, sem eru 12 metrar að 15 metrum að skráðri lengd. Jafnframt er lagt til að skilgreiningin á hugtakinu „smáskip“, sem væntanlega þýðir smábátur, sé færð úr því að vera bátar styttri en 12 metrar að skráningarlengd í að vera bátar styttri en 15 metra að skráningarlengd. Virðist hvatinn að þessari breytingu vera að lögum um stjórn fiskveiða var breytt árið 2013 þannig að bátar undir 15 metrum að mestu lengd og undir 30 brúttótonnum geti öðlast veiðileyfi með krókaaflamarki.


Sjómannasamband Íslands bendir Alþingi á að bátar 12 metrar og lengri að skráningarlengd eru engir smábátar heldur öflugir bátar með öflugar vélar. Auk þess telur Sjómannasamband Íslands út í hött að tengja saman reglur um hvers konar veiðileyfi bátar hafa og reglur um mönnun og réttindi skipverja. Að mati sambandsins á mönnun skipa að taka mið af öryggi skips og áhafnar. Verði þetta frumvarp að lögum er verið að stíga stórt skref aftur á bak í að tryggja öryggi áhafna þessara báta. Að mati sambandsins ætti frekar að herða reglur ef eitthvað er. Sjómannasamband Íslands mótmælir þeim áformum um lagabreytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Jafnframt telur Sjómannasamband Íslands rétt að benda á að 4. mgr. 12. greinar núgildandi laga er síður en svo til að auka öryggi skips og áhafnar, en skv. greininni er ekki skylt að hafa vélavörð á bátum styttri en 12 m að skráningarlengd ef gerður hefur verið samningur við þjónustuaðila um viðhald vélbúnaðar skipsins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessi heimild verði aukin þannig að hún gildi fyrir báta styttri en 15 m að skráningarlengd. Flest skip sem smíðuð eru í dag á bilinu 12 að 15 metrum að skráningarlengd eru með vélarafli sem er 250 kw eða meira. Verði vélarbilun úti á sjó er því engin krafa um að skipverji um borð hafi kunnáttu eða getu til að gera við bilunina sé þetta ákvæði nýtt. Augljóst er að ekki verður

kallað í þjónustuaðila úr landi í neyðartilvikum. Þessi regla í nágildandi lögum er því út í hött ef hugsað er um öryggi skips og áhafnar. Þessa grein laganna ætti því að afnema að mati Sjómannasambands Íslands.

Sjómannasamband Íslands leggst alfarið gegn frumvarpinu eins og fram kemur hér að framan.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson